

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 71/2003

frá 20. júní 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2003 frá 16. maí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/97/EB frá 16. desember 2002 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE varðandi hámarksmagn varnarefnaleifa (2,4-D, tríasúlfúrons og þífensúlfúronmetýls) í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, m.a. aldinum og matjurtum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/100/EB frá 20. desember 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 90/642/EBE að því er varðar leyfilegt hámarksmagn leifa fyrir asoxýstróbín ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):

„- **32002 L 0097**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/97/EB frá 16. desember 2002 (Stjtið. EB L 343, 18.12.2002, bls. 23).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 193, 31.7.2003, bls. 8 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 39, 31.7.2003, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 343, 18.12.2002, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 2, 7.1.2003, bls. 33.

„- **32002 L 0100**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/100/EB frá 20. desember 2002 (Stjtíð. EB L 2, 7.1.2003, bls. 33).“

2. gr.

Texti tilskipana 2002/97/EB og 2002/100/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 21. júní 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. júní 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
P. Westerlund
formaður*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.